



# LANDSSAMTÖK HJÓLREIÐAMANNA

Icelandic Cyclists' Federation  
Isländischer Radfahrerverband

Reykjavík 4. ágúst 2005

UMSÖGN - styttri útgáfa - vegna

ósk Landssambands Íslenskra tryggingafélaga um aukin hjálmaskyldu hjólreiðamanna

Okkur hjá Landssamtökum hjólreiðamanna, LHM, þykir sjálfsagt að öll helstu rök með og á móti hjálmaskyldu komi fram og sé lögð til grundvallar þegar ráðuneytið tekur ákvörðun í málinu.

Frá því sem við komumst næst eftir að hafa grannskoðað málið síðan í febrúar, eru rökin á móti sterkari en rökin með, jafnvel þó ekki sé tekið tillit til fækkun hjólreiðamanna og afleiðing þess á heilsufar landsmanna, en sérstaklega þess hóps sem hér um ræður.

Jafnvel sumir sem hafa trú á gagnsemi hjálmaskyldu benda á að hjálmaskylda barna undir 15 ára hefur hingað til nánast ekki verið framfylgt, og sagt er að hjálmanotkun hafi ef eitthvað er minnkað eftir að lögin tók gildi. Sennilegast þykir að eins gildi v. framfylgni hjálmaskyldu fullorðinna. Og er það að okkar mati hárétt forgangsroðun hjá lögreglunni.

Varðandi aðgerða sem snýr að öryggi hjólreiðamanna og framfylgni laga í umferðaröryggismálum, er mun vænlegri til árangurs að taka á tækjast hjólreiðamanna og hegðun sem þegar er lögbundin, en illa framfylgt. Þá mundi betri framfylgni laga um ölvunarakstri, hraðakstri og almenn tillitssemi hafa jákvæða áhrif á umferðaröryggi hjólreiðamanna sem og annarra.

Sumar af helstu skýrslurnar sem byggt hefur verið á, þegar hjálmaskylda var sett á erlendis, virðist hafa verið gallaðar. Fjöldi vísindagreina benda sterklega til þess að þar sem hjálmaskylda hefur verið framfylgt og gögn liggja fyrir, hefur hættan á höfuðmeiðslum alls ekki minnkað hjá hjólreiðamönnum. Tölfræðin með bestu gæðum í þessum efnum virðist vera frá Ástralíu og Nýja Sjálandi. Skýringin getur legið í laka staðla fyrir hjálmana, að öikumenn gera síður ráð fyrir hjólreiðamenn þegar hjólreiðamönnum fækki og að hjálmarnir séu ekki rétt stilltir.

Við erum með tilvísanir í vísindagreinum og getum sent enn fleiri greinar sem styðja mál okkar, ef áhugi er á því. Í viðhenginu fylgir frekari yfirlitsgögn um helstu rök með og á móti hjálmaskyldu. Í LHM erum við opnir fyrir öll rök um hvernig megi bæta umferðaöryggi hjólreiðamanna og vonum að hafa gott samstarf við ráðuneyti og öðrum aðilum í þeim efnum í framtíðinni.

Kveðja,

Morten Lange

formaður  
Landssamtaka hjólreiðamanna  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík

sími: 690-4801 / 897-7450

# Rök með og á móti almenna hjálmaskyldu fyrir hjólreiðamenn

- 1. Samstaða virðist vera um að hjálmur geta minnkað líkur á skeinum og jafnvel höfuðkúpubrot í sumum tegundum af slysum, og þá helst ef ekki er um að ræða árekstur við bíl og ekki óhapp á miklum hraða.** Hjálmur eru prófaðir samkvæmt stöðlum við að láta þá detta af tveggja metra hæð að hámarki.
- 2. Reynslan frá löndunum sem hafa tekið upp hjálmaskyldu sýnir að hættan á höfuðmeiðslum fyrir þá sem hjóla hafi ekki minnkað, þó að fleiri en 80% hjólreiðamanna séu með hjálm.**

Hér er miðað við tölfræði frá þeim löndum sem hafa nauðsýnleg tölfræði tiltæk, en helst þarf að hafa a) Þróun höfuðmeiðsla flokkuð eftir tegund meiðsla og tegund vegfaranda yfir árabíl fyrir og eftir að hjálmalögin voru tekin upp. b) Samanburð á milli hópa sem t.d. gangandi og hjólandi. c) Tölfræði yfir tímabilið sem segir til um fjölgun eða fækkun hjólreiðamanna í umferðinni. LHM er fús til að fara yfir túlkanir sem hafa komið fram í þessum efnum. Vísindagreinar sem taka þetta fyrir sérstaklega segja að hættan á höfuðmeiðslum hafi ekki minnkað samhliða hjálmaskyldu. Mikilvægasti afleiðing hjálmaskyldu var að fækka hjólreiðamönnum. Tvær athuganir á hagfræðilegan ávinning af hjálmaskyldu benda í sömu átt, og vegur kostnað hjálma þar þungt. (Robinson 1996, 2005b, Hendrie 1999)
- 3. Tölfræðina sem umferðarráð fékk í hendur nægir ekki til þess að bera saman hætta á höfuðmeiðslum fyrir hjólreiðamenn og aðra, og enn síður hætta á að deyja úr höfuðmeiðslum.**

Til að hægt sé að taka mark á slysatölum í umræðuna um hjálmaskyldu, verður að sýna þetta með tölfræði og bera saman sama hlutinn fyrir ólíkum hópum. Ekki er nóg að sýna að höfuðmeiðsl á hjólreiðamönnum séu “of tíð”. Þau eru líka of mörg hjá bílstjórum og farþegum, og hjá gangandi fólki. Að ekki bera saman tölur fyrir ólíkum hópum jaðrar við blekking. Til að tölfræðin hafi meining þarf líka að flokka höfuðmeiðslum eftir tegunda og alvarleika.
- 4. Vísindaskýrslur sem er sagðar sýna að hjálmurinn bjargi, byggja á samanburðum á litlum hópum, hin frægasti á krökkum a) með hjálma og í fylgd foreldra í almenningsgörðum og b) án hjálma á umferðargötum.**


Kannski þarf ekki að ræða þessar niðurstöður því yfirleitt, ef ekki eingöngu byggja þær á litlum hópum hjólreiðamanna sem nota hjálma af frjálsum og fúsum vilja (Case-control studies sem “brjóta reglur” þeirra). Reynslan frá löndunum sem hafa tekið upp hjálmaskyldu hlýtur að gefa mun betri vísibending um, hvernig svoleiðis lög getur virkað hér á landi. En fullyrðingin um að hjálmurinn minnki líkur á höfuðmeiðslum um 85 eða 88 prósent byggir á þessa fræga könnun vitnað í hér að ofan. Þessi könnun hefur verið harðlega gagnrýnd á vísindalegum grundvelli með svipuðum hætti og rannsóknir á lyfjum sem byggði á hópi notenda sem kusu að nota hormónalyf. Í ljós kom að niðurstöðurnar voru rangar, og lyfin alls ekki eins gagnleg og gallaðar Case control kannanir hefðu “sannað”. (Curnow 2005)
- 5. Margir sérfræðingar og læknir í bráðamóttöku hafa mælt með hjálmaskyldu. Þeir hljóta að vita sinu viti hugsa menn með sér.** Já, að óathuguðu máli, er mjög eðlilegt að álykta það. En ef til eru þenkjandi menn sem bera fram sannfærandi rök á móti, að hluta frumrannsóknir, birt í virtum vísindatímaritum, og jafnvel með málefnalegri hætti en fylgjendur hjálmaskyldu, þarf að leggja áherslu á rök fremur en stöðu og tengsl manna. Það ku vera mörg dæmi um fagmenn, þar á meðal læknar sem hefðu trú á hjálmaskyldu, en snerist hugur eftir að hafa lesið og endurlesið tugi vísindagreina.

6. Erlendar rannsóknir frá mörgum borgum og mörgum löndum, svo sem Bandaríkin, Ástralíu, Svíþjóð og Danmörk, sýna að hættan á slysum á hjólreiðamönnum aukist þegar þeim fækki, og þess vegna er slæmt, ekki bara frá sjónarmiði heilsueflingar, ef hjólreiðamönnum fækki. Skýringin liggur getur legið í að þegar fleiri hjólreiðamenn eru úti á götunum gera bílstjórar frekari ráð fyrir þeim. Mælt út frá fjöldi klukkustunda á veginum er ekki ýkja mikill munur á slyshættu (miðað við dauðsföll) hjá hjólreiðamönnum og bílstjórum/farþegum. Í sumum aldursflokkum, sérstaklega hjá ungum fullorðnum, virðist hættuminni að vera á reiðhjólí. Reiðhjólíð veldur þar að auki svo miklu minni skaða á öðrum en heill bíll gerir þegar slýsin verða.

Línuritin sýna dæmi um skýr og minna skýr samhengi á milli aðgerða og meiðsl eða dauði í umferðinni í New South Wales. Tekið frá Robinson, 2005a.




**Fig 5. NSW Head injury and helmet wearing % (HW) (adults in red, children <16 in black, from Robinson 1996) [5]**




Hvenær voru hjálmalögin sett á. Er munur á hjólreiðamönnum og

öðrum hópum í umferðinni ?



Ekkert skýrt samhengi á milli aukandi hjálmanotkun og þróun höfuðmeiðsla.



## Greinar :

An economic evaluation of the mandatory bicycle helmet legislation in Western Australia

Conference on Road Safety 1999, Insurance Commission of Western Australia

Delia Hendrie, Matthew Legge, Diana Rosman and Carol Kirov

Road Accident Prevention Research Unit

Department of Public Health

The University of Western Australia

Nedlands WA 6907

([http://www.officeofroadsafety.wa.gov.au/Facts/papers/bicycle\\_helmet\\_legislation.html](http://www.officeofroadsafety.wa.gov.au/Facts/papers/bicycle_helmet_legislation.html))